Rekstrarupplýsingar leikskóla 2015

Hér að neðan má sjá lykiltölur er varða rekstur leikskóla sveitarfélagsins. Staða sveitarfélagsins er borin saman við stöðuna á landsvísu. Tölurnar eru fengnar frá Hagstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og eru fyrir **almanaksárið 2014**. Neðangreindar tölur eiga eingöngu við um Leikskólann Laut.

Röðunartölur eru grænar ef að sveitarfélagið er í hópi þeirra 25% sveitarfélaga sem eru með hagstæðustu útkomuna á viðkomandi þætti. Rauðar röðunartölur merkja að sveitarfélagið sé í hópi þeirra 25% sveitarfélaga sem eru með óhagstæðustu útkomuna á viðkomandi matsþætti.

Skýrsluna í heild sinni má nálgast hér.

1. Leikskólabörn og starfsfólk

	Röðun	Staða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Fjöldi barna á hvert stöðug. við uppe.- og mennt.störf	3 af 57	4,7 börn	101	4,1 börn	16.531	0,6 börn
1.2. Fjöldi barna á hvert stöðugildi leikskólakennara	4 af 57	19,4 börn	101	14,0 börn	16.531	5,4 börn
1.3. Fjöldi barna á hvert stöðugildi uppe.menntaðs starfsf.	8 af 57	14,0 börn	101	9,0 börn	16.531	5,0 börn
1.4. Fjöldi barna á hvert stöðugildi við almenn störf	16 af 57	50,7 börn	101	52,5 börn	16.531	-1,8 börn
1.5. Fjöldi barna á hvert stöðugildi við leikskólann í heild	4 af 57	4,3 börn	101	3,8 börn	16.531	0,5 börn
1.6. Hlutfall starfsfólks við uppeldis- og menntunarstörf sem eru leikskólakennarar	44 af 57	24,1%	101	35,1%	16.531	-11,0%
1.7. Hlutfall starfsfólks við uppeldis- og menntunarstörf með aðra uppeldismenntun	32 af 57	9,2%	101	17,5%	16.531	-8,3%
1.8. Hlutfall starfsfólks við uppeldis- og menntunarstörf án uppeldismenntunar	9 af 57	66,7%	101	47,4%	16.531	19,3%
1.9. Meðalstærð leikskóla í sveitarfélaginu (fjöldi heilsdagsígilda barna)	7 af 57	101,4 börn	101	89,5 börn	21.037	11,9 börn
1.10. Fjöldi leikskólabarna (heilsdagsígildi) m.v. íbúafjölda (fjöldi íbúa á hvert leikskólabarn)	6 af 57	28,0 íbúar	101	19,5 íbúar	21.037	8,5 íbúar

2. Kostnaður og tekjur

	Röðun	Staða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Árlegur launakostnaður á hvert barn	52 af 57	1.163 þ.kr.	101	1.404 þ.kr.	16.531	-240,6 þ.kr.
2.2. Annar árlegur kostnaður á hvert barn	29 af 57	469 þ.kr.	101	421 þ.kr.	16.531	47,8 þ.kr.
2.3. Innri húsaleiga á hvert barn	11 af 57	314 þ.kr.	101	205 þ.kr.	16.531	108,6 þ.kr.
2.4. Árlegar tekjur leikskólans á hvert barn	32 af 57	330 þ.kr.	101	312 þ.kr.	16.531	17,7 þ.kr.
2.5. Árlegur kostnaður (nettó) á hvert barn	57 af 57	989 þ.kr.	101	1.315 þ.kr.	16.531	-325,8 þ.kr.
2.6. Árlegur heildarkostnaður (brúttó) á hvert barn	56 af 57	1.318 þ.kr.	101	1.626 þ.kr.	16.531	-307,9 þ.kr.
2.7. Meðalárslaun starfsfólks í leikskólum	35 af 57	4.971,5 þ.kr.	101	5.263,6 þ.kr.	16.531	-292,1 þ.kr.
2.8. Kostnaðarhlutfall leikskóla af heildarútgjöldum sveitarfélags	53 af 57	6,5%	101	11,3%	21.037	-4,8%
2.9. Kostnaðarhlutfall leikskóla m.v. skatttekjur sveitarfélags	53 af 57	6,9%	101	13,0%	21.037	-6,1%

Foreldrakönnun leikskóla 2015 – 2016 Leikskólinn Laut

Hér að neðan gefur að líta yfirlit yfir þættina sem mældir eru í samræmdri foreldrakönnun leikskóla. Ef mæling skólans á tilteknum þætti er tölfræðilega marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu allra skóla sem tóku þátt í könnuninni miðað við 95% öryggismörk, er mismunurinn tilgreindur fyrir aftan titil mælingar með bláum stöfum +/- X,X. Ítarlegri niðurstöður könnunarinnar má finna hér.

1. Daglegt leikskólastarf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja með leikskólann almennt	98,7%	78/79	98,2%	3583/3655	0,5%
1.2. Ánægja með leikskólann	84,6%	66/78	84,5%	2953/3489	0,1%
1.3. Ánægja foreldra með stjórnun leikskólans	91,0%	71/78	94,8%	3274/3456	-3,8%*
1.4. Ánægja barnsins í leikskólanum að mati foreldra	87,7%	64/73	94,6%	3098/3276	-6,9%*
1.5. Hæfilegur fjöldi barna á deild	82,5%	66/80	89,9%	3316/3698	-7,4%*
1.6. Hollt mataræði	83,8%	67/80	92,2%	3448/3729	-8,4%*

Undir þessum matsflokki mælist ánægja foreldra marktækt lægri á fjórum af sex matsþáttum, þ.e. á þætti 1.3. Ánægja foreldra með stjórnun leikskólans, 1.4. Ánægja barnsins á leikskólanum að mati foreldra, 1.5. Hæfilegur fjöldi barna á deild og 1.6. Hollt mataræði. Í ársskýrslu leikskólans er sérstaklega vikið að matsþætti 1.6. Hollt mataræði og fyrirhuguð er vinna að umbótum á þeim þætti. Nánari útfærsla er væntanleg í starfsáætlun skólans skólaárið 2016 – 2017.

2. Námsumhverfi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Vinnubrögð	73,8%	45/61	86,1%	1681/1969	-12,3%*
2.2. Færni	85,4%	41/48	81,1%	1934/2389	4,3%
2.3. Aðstaða	85,0%	51/60	85,8%	1906/2205	-0,8%
2.4. Félagsleg samskipti	81,8%	36/44	88,5%	1266/1441	-6,7%
2.5. Þátttaka án aðgreiningar	95,1%	58/61	97,4%	2285/2347	-2,3%

Undir þessum matsflokki mælist ánægja foreldra marktækt lægri á einum af fimm matsþáttum, þ.e. á þætti 2.1. Vinnubrögð. Í ársskýrslu leikskólans er sérstaklega vikið að matsþætti 2.1. Vinnubrögð og fyrirhuguð er vinna að umbótum á þeim þætti. Nánari útfærsla er væntanleg í starfsáætlun skólans skólaárið 2016 – 2017.

3. Samskipti við foreldra

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Upplýsingamiðlun	67,9%	$55_{/81}$	62,5%	$2274_{/3663}$	5,4%
3.2. Þekking foreldra á stefnu og námsskrá leikskólans	75,3%	$58_{/77}$	80,5%	$2914_{/3631}$	-5,2%
3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans	92,7%	$76_{/82}$	94,0%	$3538_{/3773}$	-1,3%
3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	82,7%	$62_{/75}$	75,5%	$2606_{/3449}$	7,2%*
3.5. Tímasetning viðburða	87,7%	$71_{/81}$	86,9%	$3172_{/3656}$	0,8%
3.6. Heimasíða leikskólans	71,4%	$55_{/77}$	89,4%	$2952_{/3302}$	-18,0%*

Undir þessum matsflokki mælist ánægja foreldra marktækt hærri á einum af sex matsþáttum, þ.e. á þætti 3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu og marktækt lægri á einum af sex matsþáttum,þ.e. 3.6. Heimasíða skólans. Í ársskýrslu leikskólans er sérstaklega vikið að matsþætti 3.6. Heimasíða skólans og fyrirhuguð er vinna að umbótum á þeim þætti. Nánari útfærsla er væntanleg í starfsáætlun skólans skólaárið 2016 – 2017.

4. Upphaf og lok skólagöngu

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Leikskólabyrjun	64,7%	$11_{/17}$	74,8%	$612_{/829}$	-10,1%
4.2. Flutningur milli skólastiga	75,0%	$12_{/16}$	66,4%	$438_{/653}$	8,6%
4.3. Flutningur milli deilda	94,2%	$49_{/52}$	90,2%	$2076_{/2299}$	4,0%

5. Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Hlutfall sérkennslu og stuðnings	22,9%	$19_{/83}$	16,3%	$618_{/3777}$	6,6%*
5.2. Hlutfall sérfræðiþjónustu	15,7%	$13_{/83}$	11,4%	$426_{/3779}$	4,3%

Undir þessum matsflokki mælist ánægja foreldra marktækt hærri á einum af tveimur matsþáttum, þ.e. á þætti 5.1. Hlutfall sérkennslu og stuðnings.

Viðbrögð stjórnenda Leikskólans Lautar við niðurstöðum könnunarinnar

Í samráði við Skólapúlsinn var ákveðið að senda eingöngu á eitt foreldri alla könnunina í stað þess að skipta henni. Hér fyrir neðan er stiklað á stóru og sérstaklega tekið út þar sem marktækur munur var undir landsmeðaltali en einnig er nauðsynlegt að horfa til þess sem vel gengur.

1. **Daglegt leikskólastarf**
    a. Svo virðist sem að við skorum frekar langt undir landsmeðaltali í tengslum við hollt mataræði. Þetta er hlutur sem að við þurfum að skoða nánar. Er sammála að sumu leyti en ekki öllu.

b. Hæfilegur fjöldi barna á deild skoraði einnig yfir landsmeðaltali.
c. Ánægja barnsins skoraði undir meðaltali sem er á skjön við viðhorfskönnun sem við gerðum á meðal barnanna.
d. Ljósi punkturinn er að við erum á pari við ánægju með leikskólann almennt.

2. Námsumhverfi

a. Vinnubrögð undir landsmeðaltali – reyndar eru þessar niðurstöður út frá mjög litlu hlutfalli eða 2 – 3 frekar ósammála – þarf samt sem áður að skoða, hluti af þessu má rekja til starfsmannaveltu og skorts á fagfólki.
b. Færni aftur á móti skorar yfir meðaltali sem er vel.

3. Samskipti við foreldra

a. Heimasíða skólans skorar langt undir meðaltali sem er skiljanlegt þar sem verið er að bíða eftir því að færa heimasíðu skólans yfir á sama form og heimasíðu Grindavíkur en ennþá er verið að bíða eftir því að fundin verði lausn á birtingu mynda sem er ásættanleg. Þar af leiðandi þótti ekki ástæða til þess að uppfæra hana nema það allra nauðsynlegasta en aftur á móti erum við þeim mun duglegri að miðla upplýsingum á facebook-síðu skólans, tölvupósti og daglegum samskiptum líkt og niðurstöður sína.
b. Ánægjulegt að sjá niðurstöður varðandi hvatningu til þátttöku í leikskólastarfinu.

4. Upphaf og lok leikskólagöngu

a. Upphafið skoraði frekar undir meðaltali en eingöngu 13 svöruðu þessum spurningum og um tvo var að ræða – erum að fínpússa þátttökuaðlögun og þurfum að skoða ferlið nánar.
b. Flutningur á milli skólastiga er vel yfir meðaltali sem er vel – sýnir að vel skipulagt samstarf og mikil reynsla skilar sér.

5. Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta

a. Kemur vel út en má alltaf rýna betur i tölurnar.

Starfsmannavelta

Mikil starfsmannavelta hefur verið frá síðustu könnun. Fjórir fagmenn hafa hætt störfum, einungis einn komið í staðinn. Einnig hafa starfsmenn hætt sem höfðu langan starfsaldur á bak við sig. Þrír starfsmenn voru mikið frá árið 2015 vegna meðgöngu og síðan fæðingarorlofs. Síðan haustið 2015 komu inn fjórir nýir starfsmenn vegna Garðhúsa.

Þegar svona miklar starfsmannabreytingar verða á ekki lengri tíma verður óneitanlega erfiðara að halda úti faglegu starfi þar sem sífellt er verið að þjálfa nýtt starfsfólk. Síðastliðin tvö ár hafa einkennst að því að vera fínpússa starfsmannahópinn. Þessi starfsmannavelta kemur einnig niður á börnunum sem og foreldrum þeirra.

Að því sögðu telur undirrituð að mikið púður hafi farið í starfsmannamálin og einnig hefur álagið á það fagfólk sem er við störf aukist til muna. Suma liði í könnuninni tel ég að megi rekja til þessarar starfsmannaveltu og skorts á fagfólki. Tölurnar hér að neðan eru frá launafulltrúa en skanna eingöngu nýliðun í starfsmannaveltu, einnig voru starfsmenn í fæðingarorlofi og lengra veikindaleyfi sem ekki eru í þessum tölum.

Starfsmannavelta á Leikskólanum Laut 2014

Fjöldi starfsmanna í janúar	31	
Fjöldi starfsmanna í desember	28	
Fjöldi sem hætti á árinu	6	
Starfsmannavelta	13,33	%

Starfsmannavelta á Leikskólanum Laut 2015

Fjöldi starfsmanna í janúar	28	
Fjöldi stafsmanna í desember	37	
Fjöldi sem hætti á árinu	3	
Starfsmannavelta	6,45	%

Samt sem áður er vissulega nauðsynlegt að rýna í þessar niðurstöður og finna lausnir með stjórnunarteymi leikskólans sem verða síðan sett fram í ársskýrslu í júní 2016.

Foreldrakönnun leikskóla 2015 – 2016 Heilsuleikskólinn Krókur

Hér að neðan gefur að líta yfirlit yfir þættina sem mældir eru í samræmdri foreldrakönnun leikskóla. Ef mæling skólans á tilteknum þætti er tölfræðilega marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðu allra skóla sem tóku þátt í könnuninni miðað við 95% öryggismörk, er mismunurinn tilgreindur fyrir aftan titil mælingar með **bláum stöfum +/- X,X**. Ítarlegri niðurstöður könnunarinnar má finna hér.

1. Daglegt leikskólastarf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja með leikskólann almennt	100,0%	78	98,2%	3583/3655	1,8%
1.2. Ánægja með leikskólann	97,4%	76/78	84,5%	2953/3489	12,9%*
1.3. Ánægja með stjórnun leikskólans	100,0%	73	94,8%	3274/3456	5,2%*
1.4. Ánægja barnsins í leikskólanum	95,7%	66/69	94,6%	3098/3276	1,1%
1.5. Hæfilegur fjöldi barna á deild	92,2%	71/77	89,9%	3316/3698	2,3%
1.6. Hollt mataræði	100,0%	76	92,2%	3448/3729	7,8%*

Undir þessum matsflokki mælist ánægja foreldra marktækt hærri á þremur af sex matsþáttum, þ.e. á þætti 1.2. Ánægja með leikskólann, 1.3. Ánægja með stjórnun leikskólans og 1.6. Hollt mataræði.

2. Námsumhverfi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Vinnubrögð	96,7%	59/61	86,1%	1681/1969	10,6%*
2.2. Færni	88,9%	56/63	81,1%	1934/2389	7,8%*
2.3. Aðstaða	93,5%	58/62	85,8%	1906/2205	7,7%*
2.4. Félagsleg samskipti	91,1%	41/45	88,5%	1266/1441	2,6%
2.5. Þátttaka án aðgreiningar	96,4%	53/55	97,4%	2285/2347	-1,0%

Undir þessum matsflokki mælist ánægja foreldra marktækt hærri á þremur af fimm matsþáttum, þ.e. á þætti 2.1. Vinnubrögð, 2.2. Færni og 2.3. Aðstaða.

3. Samskipti við foreldra

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Upplýsingamiðlun	71,1%	54/76	62,5%	2274/3663	8,6%*
3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans	90,8%	69/76	80,5%	2914/3631	10,3%*
3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans	98,7%	76/77	94,0%	3538/3773	4,7%*
3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	87,5%	63/72	75,5%	2606/3449	12,0%*
3.5. Tímasetning viðburða	84,2%	64/76	86,9%	3172/3656	-2,7%
3.6. Heimasíða leikskólans	90,1%	64/71	89,4%	2952/3302	0,7%

Undir þessum matsflokki mælist ánægja foreldra marktækt hærri á fjórum af sex matsþáttum, þ.e. á þætti 3.1. Upplýsingamiðlun, 3.2. Þekking á stefnu og námsskrá leikskólans, 3.3. Tengsl við starfsfólk leikskólans og 3.4. Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu.

4. Upphaf og lok skólagöngu

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Leikskólabyrjun	73,3%	11/15	74,8%	612/829	-1,5%
4.2. Flutningur milli skólastiga	75,0%	12/16	66,4%	438/653	8,6%
4.3. Flutningur milli deilda	91,8%	45/49	90,2%	2076/2299	1,6%

5. Sérstakur stuðningur og sérfræðiþjónusta

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Hlutfall sérkennslu og stuðnings	28,9%	22/76	16,3%	618/3777	12,6%*
5.2. Hlutfall sérfræðiþjónustu	26,3%	20/76	11,4%	426/3779	14,9%*

Undir þessum matsflokki mælist ánægja foreldra marktækt hærri á tveimur af tveimur matsþáttum, þ.e. á þætti 5.1. Hlutfall sérkennslu og stuðnings og 5.2. Hlutfall sérfræðiþjónustu.

Viðbrögð matsteymis Heilsuleikskólans Króks við niðurstöðum könnunarinnar

Í mars framkvæmdi Skólapúlsinn viðhorfskönnun á meðal foreldra í leikskólum Grindavíkur. Um 91,8% foreldra á Króki svaraði könnuninni sem er aukning frá síðustu könnun þar sem 80% svöruðu. Matsteymi skólans fór yfir niðurstöður og greindi þær út frá stefnu skólans og starfsháttum. Teymið setti matsþættina upp í töflu þar sem metnir eru styrkleikar og tækifæri, sem tekið er tillit til í umbótaáætlun skólans á næsta skólaári.

Niðurstöðurnar sýna að mikil ánægja er meðal foreldra með starfshætti leikskólans sem er mjög gleðilegt. Skólinn er að hækka í flestum þáttum frá síðustu könnun sem segir að okkur hafi tekist að gera enn betur í skólastarfinu. Spurningum hefur fækkað frá fyrra ári og tveimur nýjum spurningum bætt við og er könnunin mun aðgengilegri nú en áður þar sem ekki er verið að spyrja út í þætti í stefnum skólanna sem geta verið mjög mismunandi.

Ánægjulegt er að sjá hversu margir gefa sér tíma í að svara opnu spurningunum og nýta þannig tækifærið til að koma ánægju sinni á framfæri og benda á það sem betur má fara. Það bendir til þess að foreldrar hafa áhuga á námi barna sinna í leikskólanum og vilja taka þátt í að bæta það. Við lítum svo á að það leynist tækifæri í hvoru tveggja þ.e. að viðhalda því sem er gott og bæta okkur í öðru.

Matsþáttur	STYRKLEIKAR	TÆKIFÆRI
Daglegt leikskólastarf	• Foreldrar ánægðir • Börnin ánægð og líður vel • Hæfilegur fjöldi barna á deild • Hollt mataræði	
Námsumhverfi	• Vinnubrögð • Námsleg færni • Aðstaða • Félagsleg samskipti • Þátttaka án aðgreiningar	• Hvetja börnin betur til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt (*t.d. semja, segja sögur, koma fram og tjá sig*)
Samskipti við foreldra	• Upplýsingamiðlun • Tengsl við starfsfólk • Hvatning til þátttöku • Hvatning til samskipta barnanna • Hvatning til foreldrasamskipta • Tímasetning viðburða • Heimasíða skólans	• Bæta upplýsingaflæði um viðfangsefni deilda • Bæta daglegar upplýsingar um velgengni barna • Leita fjölbreyttari leiða við upplýsingagjöf um starfið á deildinni • Efla hvatningu til þátttöku í skólastarfinu • Skoða tímasetningar viðburða
Upphaf og lok leikskólagöngu	• Leikskólabyrjun • Flutningur milli skólastiga • Flutningur milli deilda	• Skoða aðkomu foreldra að flutningi milli skólastiga (ath. að eftir að könnunin er lögð fyrir er rætt um þennan þátt í viðtölum)
Sérst. stuðningur og sérfræðiþj.	• Hlutfall sérkennslu og stuðnings	• Upplýsa þarf foreldra betur um sérkennslu barna þeirra